



# ÍSLANDSMÓTIÐ Í GOLFI 2021



## EFNILEG

Það ríkir mikil eftirvænting á Akureyri þar sem að Íslandsmótið í golfi fer fram næstu fjóra daga á Jaðarsvelli. Hjá Golfklúbbi Akureyrar er mjög öflugt barna- og unglíngastarf. Hér má sjá nokkra bráð-efnilega kylfinga sem eiga sér flestir þann draum að lyfta verðlaunagripunum á Íslandsmótinu í golfi.



„LITLI DRENGURINN OKKAR  
ER ALGJÖR DRAUMUR“

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Thomas Bojanowski, unnsti hennar, eru í nýju hlutverki sem foreldrar en Ólafía Þórunn stefnir á endurkomu í keppnisgolfið við fyrsta tækifæri. **4**

### KYLFINGAR Á ÍSLANDI HAFA ALDREI VERIÐ FLEIRI

Á undanförunum tveimur árum hefur félagsmönnum fjölgað um 3.900. Á árinu 2021 er enn á ný mikil fjölgun og í fyrsta sinn eru kylfingar fleiri en 22.000 á Íslandi. **18**



### HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



### HEIMSMARKMIÐIN FÁ ATHYGLI HJÁ GSÍ

Golfsamband Íslands hefur sett af stað fjölbætta árvekni- og verkefnavinnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Markmiðið er að golfhreyfingin sé ákveðið hreyfiafl að bættu samfélagi. **12**



# Íslandsmót í golfi haldið á Akureyri í 18. skipti

Golfklúbbur Akureyrar er einn af þremur elstu golfklúbbum landsins en GA var stofnaður hinn 19. ágúst árið 1935. Stofnfélagar voru alls 23. Á fyrstu árum klúbbsins var aldurstakmarkið 20 ár og á þeim tíma var ekki gert ráð fyrir að börn og unglingar tækju þátt í starfi GA. Það átti svo sannarlega eftir að breytast.

Á fyrstu árum GA var klúbburinn með golfvöll á Gleráreyrunum en árið 1946 var farið að leika á nýjum golfvelli við Þórunnarstræti. Það ár var í fyrsta sinn haldið Íslandsmót í golfi á Akureyri en Íslandsmótið í ár er það 18. sem haldið er á Akureyri og það sjöunda frá því að 18 holi völlum var opnaður á Jaðarsvelli.

Árið 1964 keypti Akureyrarbær jörðina Jaðar. Hófst þá uppbyggingin á núverandi Jaðarsvelli og nýu holi völlum var vígður í lok ágúst árið 1970. Árið eftir fór fram Íslandsmót í golfi á vellinum við frekar erfiðar aðstæður. Það var Magnús Guðmundsson, sem á þeim tíma var besti kylfingur landsins, sem hannaði völlum en Júlíus Sólmes teiknaði brautirnar.

Hafist var handa við að stækka Jaðarsvöll í 18 holur og lauk þeim áfanga 22. ágúst árið 1981. Á 50 ára afmæli GA árið 1985 var nýr golfskáli tekinn í notkun. Miklar endurbætur voru gerðar innanhúss á golfskála GA í vetur og er aðstaða fyrir gesti og keppendur með miklum ágætum.

Gríðarlegar breytingar hafa verið gerðar á Jaðarsvelli á undanföllum tveimur áratugum



Útsýni Séð yfir 10. flötina á Jaðarsvelli.

seth@golf.is

– og þykir völlum einn sá allra áhugaverðasti á landinu.

Alls hafa 13 karlkylfingar fagnað Íslandsmeistaratitlinum á Akureyri og sjö konur gert slíkt hið sama. Magnús Guðmundsson, fimfaldur Íslandsmeistari í golfi, hefur oftast sigrað á Akureyri eða alls þrisvar sinnum og þar á eftir koma þeir Björgvin Þorsteinsson og Úlfar Jónsson með með tvo sigra hvor.

Eftirtaldir kylfingar hafa fagnað Íslandsmeistaratitli á Akureyri:

#### Karlar:

1946: Sigtryggur Júlíusson, GA

1949: Jón Egilsson, GA  
1952: Birgir Sigurðsson, GA  
1955: Hermann Ingimarsson, GA  
1958: Magnús Guðmundsson, GA  
1961: Gunnar Sólmes, GA  
1963: Magnús Guðmundsson, GA  
1966: Magnús Guðmundsson, GA  
1971: Björgvin Þorsteinsson, GA  
1975: Björgvin Þorsteinsson, GA  
1979: Hannes Eyvindsson, GR  
1985: Sigurður Pétursson, GR  
1987: Úlfar Jónsson, GK  
1990: Úlfar Jónsson, GK

1994: Sigurpáll G. Sveinsson, GA  
2000: Björgvin Sigurbergsson, GK  
2016: Birgir Leifur Hafþórsson, GKG  
**Konur:**  
1971: Guðfinna Sigurþórsdóttir, GS  
1975: Kristín Pálsdóttir, GK  
1979: Jóhanna Ingólfsdóttir, GR  
1985: Ragnhildur Sigurðardóttir, GR  
1987: Þórdís Geirsdóttir, GK  
1990: Karen Sævarsdóttir, GS  
1994: Karen Sævarsdóttir, GS  
2000: Kristín E. Erlendsdóttir, GR  
2016: Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR

## Það eru bara allir í golfi!

Ágæti kylfingur og verðandi kylfingur.

Í upphafi síðasta árs stóð golfhreyfingin, eins og flestar aðrar íþróttahreyfingar landsins, frammi fyrir sinni stærstu áskorun þegar íþróttastarfið var meira eða minna lagt niður til að bregðast við útbreiðslu óþekkrar veiru. Á tímum mikillar óvissu og ófyrirsjáanleika tókst okkur þó að finna taktinn og opna golfvöllina fyrir landsmönnum, sem virtust ekkert þrá heitar en að njóta útiverunnar með kylfu í hendi. Golfhreyfingin sýndi samfélagslega ábyrgð og lagði á sama tíma sitt af mörkum til aukinnar lýðheilsu og útiveru. Niðurstaðan varð besta golfsumar í manna minnum og árleg fjölgun íðkenda meiri en nokkra sinni fyrr, eða heil 11%.

Að loknu metári felst mesta áskorunin í að missa ekki flugið. Helsta verkefni hreyfingarinnar á þessu ári var því að finna leiðir til að halda í alla þessa nýju íðkendar, koma í veg fyrir að þeir stoppuðu stutt við. Það er reglulega ánægjulegt að sjá að markmiðin náðust og meira til. Ekki nóg með að allir nýju kylfingarnir héldu áfram að sveifla kylfum sínum, heldur fjölgaði kylfingum meira en árið áður – að þessu sinni um 12%. Við gætum ekki verið ánægðari með stöðuna og bjóðum alla þessa nýju kylfinga hjartanlega velkomna til leiks.

Þrátt fyrir mikið afþreyingargildi fyrir hinn almenna kylfing er golf fyrst og fremst keppnisíþrótt. Á hverju ári eru haldin meira en 1.500 golfmót um allt land og það er virkilega gaman að sjá hversu margir kylfingar, á öllum getustigum, sjá sér fært að taka þátt í þeim. Í dag er hins vegar komið að þeim bestu. Í morgun hófu sterkustu kylfingar landsins leik á Íslandsmóti í golfi og verða nýir Íslandsmeistarar krýndir á sunnudagskvöld. Íslandsmótið er okkar stærsti árlegi viðburður og án efa besta auglýsing sem íslenskt golf getur fengið. Við erum afar þakklát félagsmönnum í Golfklúbbi Akureyrar fyrir að bjóða okkar fremstu kylfingum að leika hinn frábæra Jaðarsvöll og það er engin spurning að völlum mun bjóða upp á krefjandi aðstæður sem tryggja verðuga sigurvegara.

Ég óska keppendum alls hins besta í mótinu og hvet alla til að fylgjast náið með viðburðinum, annaðhvort fyrir norðan eða í beinni sjónvarpsútsendingu.

Haldið áfram að sveifla!

Haukur Örn Birgisson  
forseti Golfsambands Íslands



**Útgefandi / ábyrgðaraðili** Golfsamband Íslands, Laugardal, 104 Reykjavík.  
**Framkvæmdastjóri:** Brynjar Eldon Geirsson brynjar@golf.is  
**Texti og ljósmyndir:** Sigurður Elvar Þórólfsson seth@golf.is – nema annað sé tekið fram.  
**Auglýsingar:** Morgunblaðið.  
**Prentun:** Landsprent ehf.  
Forsíðumyndina tók Sigurður Elvar Þórólfsson



### Steindór Ragnarsson, framkvæmdastjóri GA

## „Sannfærður um að ný vallarmet verða sett á Jaðarsvelli“

Það ríkir mikil eftirvænting hjá okkur að taka á móti bestu kylfingum landsins í stærsta mót ársins, Íslandsmótið 2021. Mótið fór hér fram síðast árið 2016 eftir langt hlé. Á þeim tíma vorum við að ljúka við mikla uppbyggingu á Jaðarsvelli ásamt æfingahúsnæðinu Klöppum. Íslandsmótið 2016 var eftirminnilegt – frábært skor og mikil spennu í karla- og kvennaflokki. Ég hef trú á því að svipað verði upp á teningnum á mótinu í ár og ég er sannfærður um að ný vallarmet verða sett á Jaðarsvelli á þessu Íslandsmóti,“ segir Steindór Ragnarsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Akureyrar.

Hann bætir því við að það skipti miklu máli fyrir Golfklúbb Akureyrar að Jaðarsvöllur sé notaður sem keppnisvöllur fyrir öll sterkustu mótin á Íslandi með reglulegu millibili. „Jaðarsvöllur hefur í gegnum tíðina sannað að hann er frábær keppnisvöllur. Aðstaðan er að okkar mati til fyrirmyndar – fyrir keppni og æfingar.“

Steindór segir enn fremur að Jaðarsvöllur hafi ekki farið í gegnum stórar breytingar frá árinu 2016.

„Við höfum endurbætt nokkra teiga og þess háttar. Það eru samt sem áður stöðugar bætingar á vellinum í smærri framkvæmdum og almennri umhirðu. Við leggjum mikla áherslu á að Jaðarsvöllur sé í sem bestu ástandi og við vinnum að því markmiði jafnt sumar sem vetur.“

Mikill vöxtur hefur verið í starfi Golfklúbbs Akureyrar og mikil fjölgun félagsmanna. „Staðan hjá GA er mjög góð. Það er stöðugur vöxtur í rekstri klúbbsins sem er uppskera af góðu uppbyggingarstarfi síðustu ára. Fjölgun félagsmanna er tölverð og það eru um 800 félagsmenn í GA. Heimsóknum ferðafólks hefur



Mynd/seth@golf.is

**Kylfingur Steindór Ragnarsson er liðtækur kylfingur og hér horfir hann á eftir upphafshöggi á 1. teig.**

einnig fjölgað gríðarlega. Hingað sækja margir í mótin sem við höldum. Á þessu sumri hefur verið mikil eftirspurn á öllum sviðum hvað varðar þátttöku í mótum og skráningu í rástíma.“

Steindór segir að lokum að Íslandsmótið í golfi hafi ákveðinn karakter sem byggir upp spennu og eftirvæntingu hjá keppendum og þeim sem koma að mótinu með öðrum hætti. „GSI er framkvæmdaraðili mótsins í samstarfi við GA. Það er markmið okkar að búa til góða umgjörð og upplifun fyrir keppendur og gesti. Við vonum að keppendur eigi minnisstæða keppnisdaga. Völlum er frábær og hér á að ríkja góð stemning á meðal mótshaldara og keppenda,“ segir Steindór Ragnarsson, framkvæmdastjóri GA.



# ÞÚ FÆRÐ FIMM LAUGARDAGA EN BORGAR BARA FYRIR FJÓRA!

MEÐ ÁSKRIFT Í LOTTÓINU GREIÐIR ÞÚ FAST MÁNAÐAR-  
GJALD ÞANNIG AÐ ÞEGAR ÞAÐ ERU FIMM LAUGARDAGAR  
Í MÁNUÐINUM ÞÁ BORGAR ÞÚ BARA FYRIR FJÓRA!  
SKELLTU HAPPATÖLUNUM ÞÍNUM Í ÁSKRIFT SVO  
ÞÆR SÉU EINFALDLEGA ALLTAF MEÐ Í LEIKNUM.

GRÆJAÐU ÁSKRIFTINA Á [LOTTO.IS](http://LOTTO.IS)  
EÐA HRINGDU Í SÍMA 580 2500



LEIKURINN OKKAR

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir í nýju hlutverki en stefnir á endurkomu í keppnisgolfið

# „Litli drengurinn okkar er algjör draumur“

**V**íð munum fylgjast vel með Íslandsmótinu í golfi 2021 og þá sérstaklega lokadeginum. Það væri frábær að sjá vinningsskor undir pari vallar í báðum flokkum. Ég á góðar minningar frá Jaðarsvelli 2016 og ég hef alltaf elskað að spila á Akureyri,“ segir Ólafía Þórunn Kristinsdóttir atvinnukylfingur en hún á mótsemið í kvennaflökki á Íslandsmótinu í golfi.

Ólafía Þórunn verður ekki á meðal keppenda á Íslandsmótinu 2021 en hún og unnusti hennar, Thomas Bojanowski, eignuðust sitt fyrsta barn 29. júní sl. Ólafía Þórunn hefur því lagt keppnisgolfið til hliðar næstu mánuðina en hún ætlar sér að taka upp þráðinn að nýju á næstu misserum.

Ólafía Þórunn segir að litli drengurinn þeirra sé algjör draumur.

„Tíminn hefur liðið mjög hratt og hann er nú eins mánaðar „bolla“. Hann er þegar farinn að sýna sterkan karakter – sem er skemmtilegt. Hann er mjög ákveðinn eins og pabbi hans þegar hann var lítill. Drengurinn lætur vel í sér heyra þegar hann er svangur og vill fá að borða. Hann líkist okkur báðum og hefur fengið skemmtilega blöndu frá okkur foreldrunum.“

Atvinnukylfingurinn bætir því við að Covid-ástandið í heiminum hafi ýtt undir ákvörðun þeirra að eignast barn.

„Það er stór ákvörðun að eignast barn, það breytist allt. Það var alltaf planið hjá mér að eignast fjölskyldu samhliða því að sinna atvinnumennsku í golfi. Covid-ástandið í heiminum hægði aðeins á öllu hvað keppnisgolfið varðar – og við Thomas fundum að þetta væri fullkominn tímunktur fyrir okkur að bæta við fjölskylduna.“

Meðgangin gekk mjög vel hjá Ólafíu Þórunni og fæðingin sömuleiðis.

„Ég fór í nokkrar skoðanir í Pýskalandi þegar við vorum að heimsækja fjölskylduna okkar þar. Ég kláraði restina af ferlinum á Íslandi. Það hafði góð áhrif á mig að vera í góðu líkamlegu ástandi og mér leið vel alveg fram á síðasta dag. Ég hafði heyrt það frá mínu fólki að ég væri gerð til þess að eignast barn. „Kúl-an“ sást ekki mikið en vissulega var ég þreytt af og til. Fæðingin sjálf gekk mjög vel og tók frekar stuttan tíma. Þessi lífsreynsla varð til þess að virðing mín fyrir öllum konum varð enn meiri. Það er ekkert grín að fara í gegnum eitt stykki fæðingu og í raun er það alveg magnað hvað mannslíkaminn aðlagar sig þessum aðstæðum.“

#### Thomas með skipulagið á hreinu

Ég æfði ekki mikið í upphafi meðgöngunnar. Ég varð fljótt þreytt við að slá golfbolta og mjaðmirnar voru ekkert til í að gera þessar kraftmiklu hreyfingar. Ég hætti því að slá mjög snemma á meðgöngunni og fór að einbeita mér að því að vera með golfnámskeið – sem var mjög skemmtileg reynsla,“ segir Ólafía Þórunn.

Thomas Bojanowski, unnusti Ólafíu Þórunnar, hefur að hennar mati staðið sig gríðarlega vel í gegnum þetta ferli.

„Thomas var mjög slakur og rólegur yfir þessu öllu saman – en á sama tíma var hann mjög spenntur að fá barn í heiminn. Thomas er að sjálfsögðu sannur Þjóðverji þegar kemur að því að undirbúa hlutina. Og það var allt á hreinu hjá honum í skipulaginu. Hann var duglegur að fá mig með sér í að klára hitt og þetta áður en barnið kæmi í heiminn. Hann fyllti m.a. frystinn af mat sem hann var búinn að elda, því hann vissi að það yrði ekki mikill tími til að sinna slíku á fyrstu vikunum. Þetta plan kom sér mjög vel. Við erum með gott bakland hér heima og í Pýskalandi. Thomas hugsar rosalega vel um okkur og foreldrar mínir eru alltaf tilbúnir að hjálpa okkur.“

#### Sér fram á breyttar áherslur og forgangsröðun

Ég hef ekki getað sinnt öllum þeim verkefnum sem eru á „biðlistanum“. Það eru ótal tölvupóstar og slíkt sem ég hef ekki náð svara en það kemur að því að ég kem því í verk. Líf okkar snýst um litla drenginn og þessi upplifun að eignast barn er nokkuð sem við hefðum aldrei viljað missa af. Þessi gersemi er búinn að gefa okkur svo mikið á undanförunum vikum. Ég held að við höfum aldrei brosað eða hlegið jafnmikið.“

Eins og áður segir stefnir Ólafía Þórunn á



Hamingja Ólafía Þórunn og Thomas Bojanowski með litla drenginn.



# Vertu framúrskarandi

**Breytingar og óvissa kalla á ástríðu, viljastyrk og útsjónarsemi.**

Í rekstri líkt og atvinnumennsku í íþróttum skiptir máli að hafa forgangsröðunina í lagi og hugrekki til að fara nýjar leiðir.

Við hjá KPMG leggjum okkur fram svo þú skarir fram úr.

Kynntu þér þjónustuframboð KPMG á vefsíðu félagsins eða hafðu samband í síma 545 6000 og við verðum þér innan handar.

[kpmg.is](http://kpmg.is)

**KPMG**







Í öruggum höndum Sonur Ólafíu og Thomas er hér í öruggum höndum föður síns.

Mynd/úr einkasafni.

að halda atvinnuferlinum áfram og hún segir að það verði áhugavert að sjá hvernig hugarfarið verður hjá henni þegar hún kem aftur út á golfvöll.

„Mögulega finn ég einhverjar nýjar víddir og set hlutina í öðruvísi samhengi. Ég sé fyrir mér meiri tíma á LET-Evrópumótariðinni í framtíðinni, nema ég kæmist aftur á LPGA-mótariðina í Bandaríkjunum. Það væri einfaldara fyrir mig að byrja aftur í Evrópu hvað varðar ferðalög og svoleiðis með einn lítinn „stubb“. Ég fæ tvö ár frá fæðingu barns með „frosinn“ keppnisrétt í fæðingarorlof frá mótaröðinni. Ég þarf að meta vel hvenær ég er tilbúin að byrja aftur. Um leið og ég spila í fyrsta mótinu mínu er ég byrjuð að nota keppnisréttinn og get ekki tekið það til baka. Ég þarf að skoða hvenær ég verð komin í gott form aftur. Það er smá spennandi að fara í úrtökumótið fyrir Evróputúrinn í desember en ég veit ekki hvort ég næ fullum undirbúningi

fyrir þann tíma, við verðum að sjá hvernig næstu mánuðir þróast.“

Ólafía Þórunn segir að lokum að samstarfsaðilar hennar hafi reynt henni afar vel og stutt við bakið á henni í gegnum súrt og sætt.

„KPMG, Bláa lónið og ECCO héldu áfram samstarfi við mig á þessu tímabili sem ég kann virkilega að meta. Afreksíþróttafólk þarf góða samstarfsaðila til að geta elt drauma sína. Maður vill vera hluti af teymi sem trúir á mann þegar gengið fer upp og niður og stendur með manni í gegnum fleiri hliðar lífsins. Það er alls ekki sjálfgefið að finna þannig samstarfsaðila. Lífsstíll afreksíþróttafólks getur verið mjög erfiður. Svo er alls ekki einfalt að vera kvenkyns íþróttamaður að eignast barn, það getur verið mikil óvissa. Þegar fyrirtæki skilja það og halda áfram að veita manni öryggi er það stórt skref í rétta átt og mér finnst það sýna stóran karakter,“ segir Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.



Mynd/seth@golf.is

Mótsmet Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, setti mótsmet á Íslandsmótinu 2016.

## Magnað mótsmet hjá Ólafíu Þórunni

Árið 2016, þegar Íslandsmótið í golfi fór fram síðast á Jaðarsvelli, setti Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, nýtt mótsmet með því að leika samtals á 11 höggum undir pari vallar.

Hún jafnaði vallarmetið á lokahringnum þar sem hún lék á 66 höggum eða 5 höggum undir pari.

Ólafía Þórunn lagði grunninn að sigrinum með mögnuðum kafla á fyrri 9 holunum þar sem hún fékk fimm fugla á sex holum og þar af fjóra í röð á 2., 3., 4. og 5. braut. Ólafía Þórunn og Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, háðu mikla baráttu á þessu Íslandsmóti.

Valdís Þóra lék einnig frábært golf og bætti vallarmetið á þriðja keppnisdeginum, 66 högg, en Valdís Þóra lék á 9 höggum undir pari vallar samtals – sem var næstbesta skorið hjá öllum keppendum á Íslandsmótinu 2016.

Á þessu Íslandsmóti á Akureyri gerðist í fyrsta sinn að sigurskorið í kvennaflokki var betra en í karlaflokki. Besta skor í kvennaflokki fyrir Íslandsmótið 2016 var +1 samtals sem Signý Arnórsdóttir, GK, setti árið 2015 á Garðavelli á Akranesi.

## Nýtt nafn fer á verðlaunagripinn í kvennaflokki

Alls eru 34 konur skráðar til leiks í kvennaflokki á Íslandsmótinu í golfi 2021. Mótið fer nú fram í 55. skipti en fyrst var keppt á Íslandsmótinu í golfi í kvennaflokki árið 1967 þegar Guðfinna Sigurþórsdóttir úr Golfklúbbi Suðurnesja fagnaði titlinum í fyrsta sinn – en hún sigraði alls þrjú á Íslandsmótinu.

Það er ljóst að nýtt nafn fer á verðlaunagripinn á Íslandsmótinu í golfi í kvennaflokki. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK, sem hefur sigrað undanfarnin þrjú ár á Íslandsmótinu, getur ekki verið með vegna verkfema á LET-Evrópumótariðinni, sterkustu atvinnumótarið Evrópu í kvennaflokki.

Frá árinu 1967 hefur 21 einstaklingur náð að fagna sigri á Íslandsmótinu í golfi í kvennaflokki.

Í fyrra náði Guðrún Brá þeim árangri að verða fyrsta konan til að sigra þrjú ár í röð á Íslandsmótinu frá því að átta ára sigurgöngu Karenar Sævarsdóttur, GS, lauk árið 1996.

Guðrún Brá er aðeins fimmta konan sem nær að sigra þrjú ár í röð (2018-2020). Hinar fjórar eru Jakobína Guðlaugsdóttir (GV) (1972-1974), Jóhanna Ingólfsdóttir (GR) (1977-1979), Sólveig Þorsteinsdóttir (GR)

(1980-1982) og að sjálfsögðu Karen Sævarsdóttir (GS) sem sigraði átta ár í röð (1989-1996) en það met verður líklega aldrei slegið.

Á Íslandsmótinu í golfi er keppt í högggleik og forgjöf keppenda hefur því engin áhrif á lokaúrslitin. Það er hins vegar áhugavert að rýna í forgjöf keppenda sem gefur góða mynd af styrkleika mótsins. Ragnhildur Kristinsdóttir, GR, er með lægstu forgjöf allra keppenda í mótinu eða +4,6.

Alls eru 10 keppendur í kvennaflokki með 0 eða lægri forgjöf. Hulda Clara Gestsdóttir, GKG, er með +2,7 í forgjöf og hin bráðefnilega Perla Sól Sigurbrandsdóttir, GR, sem fæddist árið 2006 og fagnar 15 ára afmæli sínu í haust, er með +1,6. Félagi hennar úr GR, Jóhanna Lea Lúðvíksdóttir, sem lék til úrslita á Opna breska áhugamannamótinu, er með fjórðu lægstu forgjöfina í kvennaflokki eða +1,4. Meðalforgjöfin í kvennaflokki er 3,25.

Meðalaldur keppenda í kvennaflokki er 20,8 ár. Auður Berggrún Snorradóttir, GA, er yngsti keppandinn í kvennaflokki en hún er 14 ára, fædd árið 2007. Hekla Ingunn Daðadóttir, GM, er elsti kylfingurinn í kvennaflokki en hún er 44 ára og þar á eftir er Íslandsmeistarinn frá árinu 2007, Nína Björk Geirsdóttir, 38 ára.



Bikarar Verðlaunagripirnir á Íslandsmótinu í golfi.

Mynd/seth@golf.is



# Forgjöf í Básam og Grafarkoti

**20%**  
afsláttur  
með N1 kortinu



## Taktu sveifluna alla leið í sumar

N1 kortið veitir þér 20% afslátt af boltakortum í Básam og sumarkortum á Grafarkotsvelli.

Sæktu um N1 kortið og kynntu þér kostina á [n1.is](http://n1.is)

440 1000 [n1.is](http://n1.is)



ALLA LEIÐ





Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK, Íslandsmeistari síðustu þriggja ára.

## Íslandsmeistarar í kvennaflokki frá upphafi:

Ár Nafn Klúbbur Titlar Titlar klúbbur  
 1967 Guðfinna Sigurþórsdóttir GS 1 1  
 1968 Guðfinna Sigurþórsdóttir GS 2 2  
 1969 Elísabet Möller GR 1 1  
 1970 Jakobína Guðlaugsdóttir GV 1 1  
 1971 Guðfinna Sigurþórsdóttir GS 3 3  
 1972 Jakobína Guðlaugsdóttir GV 2 2  
 1973 Jakobína Guðlaugsdóttir GV 3 3  
 1974 Jakobína Guðlaugsdóttir GV 4 4  
 1975 Kristín Pálsdóttir GK 1 1  
 1976 Kristín Pálsdóttir GK 2 2  
 1977 Jóhanna Ingólfsdóttir GR 1 2  
 1978 Jóhanna Ingólfsdóttir GR 2 3  
 1979 Jóhanna Ingólfsdóttir GR 3 4  
 1980 Sólveig Þorsteinsdóttir GR 1 5  
 1981 Sólveig Þorsteinsdóttir GR 2 6  
 1982 Sólveig Þorsteinsdóttir GR 3 7  
 1983 Ásgerður Sverrisdóttir GR 1 8  
 1984 Ásgerður Sverrisdóttir GR 2 9  
 1985 Ragnhildur Sigurðardóttir GR 1 10  
 1986 Steinunn Sæmundsdóttir GR 1 11  
 1987 Þórdís Geirsdóttir GK 1 3  
 1988 Steinunn Sæmundsdóttir GR 2 12  
 1989 Karen Sævarsdóttir GS 1 4  
 1990 Karen Sævarsdóttir GS 2 5  
 1991 Karen Sævarsdóttir GS 3 6  
 1992 Karen Sævarsdóttir GS 4 7  
 1993 Karen Sævarsdóttir GS 5 8  
 1994 Karen Sævarsdóttir GS 6 9  
 1995 Karen Sævarsdóttir GS 7 10  
 1996 Karen Sævarsdóttir GS 8 11  
 1997 Ólöf María Jónsdóttir GK 1 4  
 1998 Ragnhildur Sigurðardóttir GR 2 13  
 1999 Ólöf María Jónsdóttir GK 2 5  
 2000 Kristín Elsa Erlendsdóttir GK 1 6  
 2001 Herborg Arnarsdóttir GR 1 14  
 2002 Ólöf María Jónsdóttir GK 3 7  
 2003 Ragnhildur Sigurðardóttir GR 3 15  
 2004 Ólöf María Jónsdóttir GK 4 8  
 2005 Ragnhildur Sigurðardóttir GR 4 16  
 2006 Helena Árnadóttir GR 1 17  
 2007 Nína Björk Geirsdóttir GKj. 1 1  
 2008 Helena Árnadóttir GR 2 17  
 2009 Valdís Þóra Jónsdóttir GL 1 1  
 2010 Tinna Jóhannsdóttir GK 1 9  
 2011 Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR 1 19  
 2012 Valdís Þóra Jónsdóttir GL 2 2  
 2013 Sunna Viðisdóttir GR 1 20  
 2014 Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR 2 21  
 2015 Signý Arnórsdóttir, GK 1 10  
 2016 Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR 3 22  
 2017 Valdís Þóra Jónsdóttir GL 3 3  
 2018 Guðrún Brá Björgvinsdóttir GK 1 11  
 2019 Guðrún Brá Björgvinsdóttir GK 2 12  
 2020 Guðrún Brá Björgvinsdóttir GK 3 13

### Fjöldi titla hjá klúbbum:

GR 22  
 GK 13  
 GS 11  
 GV 4  
 GL 3  
 GKj./GM 1

## Ragnhildur með lægstu forgjöf allra keppenda á Íslandsmóttinu



Mynd/seth@golf.is

Spenna Ragnhildur Kristinsdóttir var nálægt því að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í gólfi í fyrra með þessu vippi á 18. braut á Hlíðavelli í Mosfellsbæ.

## Fjölgar jafnt og þétt í kvennaflokknum

**A**lls eru 34 konur skráðar til leiks og er það fjórða árið í röð þar sem 30 konur eða fleiri mæta til leiks á Íslandsmóttinu í gólfi.

Keppendur koma frá sex klúbbum víðsvegar að af landinu og einn keppandi er í norskum gólfklúbba. Sex gólfklúbbar eru með keppendur í karla- og kvennaflokki.

Það verður nýtt nafn ritað á verðlaunagripinn á Íslandsmóttinu í gólfi í kvennaflokki. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Íslandsmeistari síðustu þriggja ára, er ekki með í ár vegna verkefna á LET-Evrópumótaröðinni, sem er sterkasta mótaröð Evrópu í atvinnugólfi kvenna. Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, er ekki

með að þessu sinni og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, eignaðist sitt fyrsta barn á dög-unum og er því fjarverandi.

### Ragnhildur með lægstu forgjöfina í móttinu

Ragnhildur Kristinsdóttir, GR, er með lægstu forgjöfina af öllum keppendum mótsins, +4,6, en hún endaði í öðru sæti í fyrra eftir að úrslitin réðust í umspili. Hulda Clara Gestsdóttir, GKG, er með +3,1 og þar á eftir kemur Perla Sól Sigurbrandsdóttir, GR, sem er með +1,6. Perla Sól fæddist árið 2006 og verður 15 ára síðar á þessu ári. Jóhanna Lea Lúðvíksdóttir, GR, er með +1,4 og Berglind Björnsdóttir, GR, er þar á eftir með +1,2.

Aðeins einn keppandi í kvennaflokki hefur upplifað að sigra á Íslandsmóttinu í gólfi. Það er Nína Björk Geirsdóttir, GM, sem sigraði á Íslandsmóttinu árið 2007 þegar mótið fór fram á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði.

Meðalaldur keppenda í kvennaflokki er rétt um 21 ár. Hekla Ingunn Daðadóttir, GM, fyrrverandi handboltakona úr Fram, er elsti keppandinn eða 44 ára. Liðsfélagi hennar, Nína Björk, er 38 ára og næstelsti keppandinn.

Auður Bergrún Snorradóttir er yngsti keppandi mótsins en hún fæddist árið 2007 og er því 14 ára gömul. Auður Bergrún er frá Golfklúbba Akureyrar.

## Karen Sævarsdóttir landaði átta Íslandsmeistaratitlum í röð

# Met sem aldrei verður slegið?

**K**ylfingar úr GR hafa oftast sigrað á Íslandsmóttinu í kvennaflokki eða 22 sinnum. Kylfingar úr GK hafa sigrað 13 sinnum á Íslandsmóttinu. GS kemur þar næst með 11 titla hjá mæðgunum Guðfinnu Sigurþórsdóttur og Karen Sævarsdóttur.

Guðfinna er fyrsti Íslandsmeistarinn í kvennaflokk en hún sigraði árið 1967 þegar keppt var í fyrsta sinn um Íslandsmeistaratitilinn í kvennaflokki á Hvaleyrarvelli. Guðfinna, sem keppti fyrir GS, sigraði alls þrisvar á Íslandsmóttinu og í þriðja sinn á Akureyri.

Verðlaunagripurinn á Íslandsmóttinu í kvennaflokki hefur nánast átt lögheimili hjá Guðfinnu því dóttir hennar er Karen Sævarsdóttir sem sigraði á Íslandsmóttinu átta sinnum í röð á árunum 1989-1996.

Það er met sem stendur enn, og eiga þær mæðgur alla ellefu Íslandsmeistaratitla sem hafa komið úr röðum GS í kvennaflokki. Það er afar ólíklegt að met Karenar verði slegið.

Í viðtali í Morgunblaðinu eftir þriðja Íslandsmeistaratitilinn á Akureyri gagnrýndi Guðfinna það harkalega að konurnar lékju aðeins 36 holar alls og níu holar á dag en karlar 72 holar og 18 holar á dag.

„Það var eins og við konurnar værum viðhengi á körlunum okkar sem voru að keppa. Við lékum níu holar á dag og ungar stúlkur voru með okkur í ráshópi til þess að við gætum leiðbeint þeim og veitt þeim ráð. Ég var ekki sátt við þessa stöðu og ég reif án efa kjaft við marga út af þessu á þeim tíma. Árið eftir var þessu breytt og ég var mjög ánægð með það. Það virkaði að gagnrýna,“ segir Guðfinna í viðtali í tímaritinu Golf á Íslandi árið 2016.



Ellefu titlar Mæðgurnar Karen Sævarsdóttir og Guðfinna Sigurþórsdóttir þekkja verðlaunagripinn í kvennaflokki mjög vel.



# LEYNIST ATVINNUKYLFINGUR FRAMTÍÐARINNAR Á ÞÍNU HEIMILI?

Allt um barna- og unglingastarf GR á vefsíðu félagsins  
[grgolf.is/born-unglingar](http://grgolf.is/born-unglingar)





# Íslandsmeistarar í karlaflokki frá upphafi:

## Ár Nafn Klúbbur Titlar alls Klúbbur alls

1942	Gísli Ólafsson	GR 1 1
1943	Gísli Ólafsson	GR 2 2
1944	Gísli Ólafsson	GR 3 3
1945	Porvaldur Ásgeirsson	GR 1 4
1946	Sigtryggur Júlíusson	GA 1 1
1947	Ewald Berndsen	GR 1 5
1948	Jóhannes G. Helgason	GR 1 6
1949	Jón Egilsson	GA 1 2
1950	Porvaldur Ásgeirsson	GR 2 7
1951	Porvaldur Ásgeirsson	GR 3 8
1952	Birgir Sigurdsson	GA 1 3
1953	Ewald Berndsen	GR 2 9
1954	Ólafur Á. Ólafsson	GR 1 10
1955	Hermann Ingimarsson	GA 1 4
1956	Ólafur Á. Ólafsson	GR 2 11
1957	Sveinn Ársællsson	GV 1 1
1958	Magnús Guðmundsson	GA 1 5
1959	Sveinn Ársællsson	GV 2 2
1960	Jóhann Eyjólfsson	GR 1 12
1961	Gunnar Sólness	GA 1 6
1962	Óttar Yngvason	GR 1 13
1963	Magnús Guðmundsson	GA 2 7
1964	Magnús Guðmundsson	GA 3 8
1965	Magnús Guðmundsson	GA 4 9
1966	Magnús Guðmundsson	GA 5 10
1967	Gunnar Sólness	GA 2 11
1968	Porbjörn Kjærbo	GS 1 1
1969	Porbjörn Kjærbo	GS 2 2
1970	Porbjörn Kjærbo	GS 3 3
1971	Björgvin Þorsteinsson	GA 1 12
1972	Loftur Ólafsson	NK 1 1
1973	Björgvin Þorsteinsson	GA 2 13
1974	Björgvin Þorsteinsson	GA 3 14
1975	Björgvin Þorsteinsson	GA 4 15
1976	Björgvin Þorsteinsson	GA 5 16
1977	Björgvin Þorsteinsson	GA 6 17
1978	Hannes Eyvindsson	GR 1 14
1979	Hannes Eyvindsson	GR 2 15
1980	Hannes Eyvindsson	GR 3 16
1981	Ragnar Ólafsson	GR 1 17
1982	Sigurður Pétursson	GR 1 18
1983	Gylfi Kristinsson	GS 1 4
1984	Sigurður Pétursson	GR 2 19
1985	Sigurður Pétursson	GR 3 20
1986	Úlfar Jónsson	GK 1 1
1987	Úlfar Jónsson	GK 2 2
1988	Sigurður Sigurdsson	GS 1 5
1989	Úlfar Jónsson	GK 3 3
1990	Úlfar Jónsson	GK 4 4
1991	Úlfar Jónsson	GK 5 5
1992	Úlfar Jónsson	GK 6 6
1993	Þorsteinn Hallgrímsson	GV 1 3
1994	Sigurpáll Geir Sveinsson	GA 1 18
1995	Björgvin Sigurbergsson	GK 1 7
1996	Birgir Leifur Hafþórsson	GL 1 1
1997	Þórður Emil Ólafsson	GL 1 2
1998	Sigurpáll Geir Sveinsson	GA 2 19
1999	Björgvin Sigurbergsson	GK 2 8
2000	Björgvin Sigurbergsson	GK 2 9
2001	Órn Ævar Hjartarson	GS 1 6
2002	Sigurpáll Geir Sveinsson	GA 3 20
2003	Birgir Leifur Hafþórsson	GKG 2 1
2004	Birgir Leifur Hafþórsson	GKG 3 2
2005	Heiðar Davíð Bragason	GKj. 1 1
2006	Sigmundur Einar Másson	GKG 1 3
2007	Björgvin Sigurbergsson	GK 4 10
2008	Kristján Þór Einarsson	GKj. 1 2
2009	Ólafur Björn Loftsson	NK 1 2
2010	Birgir Leifur Hafþórsson	GKG 4 4
2011	Axel Bóasson	GK 1 11
2012	Haraldur Franklín Magnús	GR 1 21
2013	Birgir Leifur Hafþórsson	GKG 5 5
2014	Birgir Leifur Hafþórsson	GKG 6 6
2015	Þórður Rafn Gissurarson	GR 1 22
2016	Birgir Leifur Hafþórsson	GKG 7 7
2017	Axel Bóasson	GK 2 12
2018	Axel Bóasson	GK 3 13
2019	Guðmundur Ag. Kristjánsson	GR 1 23
2020	Bjarki Pétursson	GKG 1 8
<b>Fjöldi titla hjá klúbbum:</b>		
GR	23	
GA	20	
GK	13	
GKG	8	
GS	6	
GV	3	
GL	2	
NK	2	
GKj./GM	2	

## Rúmlega hálfur aldar aldursmunur á yngstu og elstu

# Mikil aðsókn í Íslandsmótið

**K**eppendahópurinn í karlaflokki á Íslandsmótiinu í golfi 2021 er áhuga-verður að venju. Þar mæta til leiks fyrrum meistarar, þaulreyndir kappar og bráðefnilegir og ungir kylfingar. Mikill áhugi er á mótiinu og er það fullskipað með 150 keppendur.

Yngstu keppendurir í karlaflokki eru fæddir árið 2007 og eru því á 14. ári. Þeir eru Guðjón Frans Halldórsson, GKG, og Hjalti Jóhannsson úr GK.

Elsti keppandinn er Björgvin Þorsteinsson, GA, sem er sexfaldur Íslandsmeistari í golfi. Björgvin er fæddur árið 1953 og er á 68. aldursári. Hann er með 1,8 í forgjöf og gefur þeim yngri ekkert eftir.

Meðalaldur keppenda í karlaflokki er rétt tæplega 27 ár.

Björgvin er ekki eini keppandinn sem hefur hampað Íslandsmeistaratitlinum í karlaflokki. Kristján Þór Einarsson, GM, sem sigraði árið 2008 er á meðal keppenda. Axel Bóasson, GK, þrefaldur Íslandsmeistari í golfi er einnig á meðal keppenda. Axel sigraði í fyrsta sinn árið 2011, og hann bætti við titlum árið 2017 og 2018.

Í keppendahópnum eru kylfingar sem eru þekktir fyrir afrek sín á handboltavellinum. Halldór Ingólfsson fyrrum leikmaður Hauka er á meðal keppenda og einnig atvinnumaðurinn Óðinn Þór Ríkharðsson sem leikur sem atvinnumaður í Danmörku með TTH Holstebro. Óðinn var á sínum yngri árum einn efnilegasti kylfingur landsins.

### Ríkjandi meistari í verkefni erlendis

Bjarki Pétursson, sem sigraði á Íslandsmótiinu í fyrra, er fjarverandi vegna verkefna á næst sterkustu atvinnumótaröð Evrópu, Challenge Tour. Það sama er uppi á teningnum hjá Guðmundi Ágústi Kristjánssyni, Haraldí Franklín Magnús og Andra Þór Björnssyni.

Alls eru 116 keppendur frá 19 golfklúbbum í karlaflokki. Athygli vekur hversu margir eru hlutfallslega frá yngsta goflklúbba landsins, Esja, en klúbburinn er með 5 keppendur. Golfklúbbur Fjallabyggðar er einnig með mjög hátt hlutfall miðað fjölda félagsmanna en 3 keppendur eru frá Fjallabyggð á Íslandsmótiinu í golfi 2021.

Golfklúbbur Selfoss er einnig með áhuga-verðan fjölda keppenda í karlaflokki eða 7 alls – en GOS náði sínum besta árangri frá upphafi á Íslandsmóti golfklúbba fyrir skemmstu með því að enda í þriðja sæti.

Flestir keppendur í karlaflokki eru frá Golfklúbba Reykjavíkur eða 23 og 22 eru frá Golf-



Mynd/seth@golf.is

**Fögnuður** Bjarki Pétursson fagnar hér Íslandsmeistaratitlinum 2021 en hann er ekki með í ár vegna verkefna á næststerkustu atvinnumótaröð Evrópu.

klúbba Kópavogs og Garðabæjar. Keilir eru með 11 keppendur, Golfklúbbur Akureyrar er með 10.

### Axel með lægstu forgjöfina

Á Íslandsmótiinu í golfi er keppt í högggleik án forgjafar en samt sem áður er áhugavert að rýna forgjöf keppenda. Axel Bóasson er með

lægstu forgjöfina í karlaflokk eða +4,4. Þar á eftir kemur Aron Snær Júlíusson, GKG, með +3,9. Dagbjartur Sigurbrandsson, GR, er með +3,7. Aron Emil Gunnarsson, GOS, og Daniel Ísak Steinarson, GK, eru báðir með +3,4.

Nánari upplýsingar um fjölda keppenda má finna á golf.is

## Íslandsmót 2021

# Keppt um Björgvinsskálina í fyrsta sinn á Íslandsmótiinu 2021

**Á** Íslandsmótiinu í golfi 2021 sem fram fer á Jaðarsvelli á Akureyri verður keppt í fyrsta sinn um Björgvinsskál Golf sambands Íslands. Björgvinsskálina er veitt þeim áhugamanni sem leikur á lægsta skori í kvenna- eða karlaflokki á Íslandsmótiinu í golfi ár hvert.

Skálina er veitt til heiðurs Björgvini Þorsteinssyni en árið 2021 eru liðin 50 ár frá því að hann varð í fyrsta sinn Íslandsmeistari í golfi. Björgvin er sexfaldur Íslandsmeistari en hann er næstsígursælasti kylfingur Íslandsmótsins í karlaflokki.

Verðlaunagripinn hefur Björgvin Þorsteinsson ánaftað GSÍ en um er að ræða verðlaun sem Björgvin hlaut fyrir fyrsta Íslandsmeistaratitil sinn árið 1971.

Eins og áður segir er Björgvin sexfaldur Íslandsmeistari en hann sigraði í fyrsta sinn árið 1971 og sigraði síðan fimm ár í röð á tímabilinu 1973-1977. Aðeins Birgir Leifur Hafþórsson hefur sigrað oftast í karlaflokki eða sjö sinnum en Birgir Leifur landaði sjöunda titlinum á Jaðarsvelli á Akureyri árið 2016. Úlfar Jónsson er einnig með sex Íslandsmeistaratitla líkt og Björgvin.

Björgvin, sem fæddist árið 1953, er á meðal keppenda á Íslandsmótiinu í golfi 2021 á sínu 68. aldursári. Hann er með 1,8 í forgjöf og er elsti keppandinn á Íslandsmótiinu 2021 á gamla heimavellinum – Jaðarsvelli á Akureyri.



Mynd/seth@golf.is

**Einbeittur** Björgvin Þorsteinsson slær hér af 17. teig á Vestmannaeyjavelli.



# Golf kennarinn...



...kemur þér  
nær holu



**MARGEIR**  
GOLFKENNARINN.is



GSÍ hefur sett af stað fjölþætta árvekni- og verkefnavinnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi

# Markmiðið er að golfhreyfingin sé ákveðið hreyfiafl að bættu samfélagi

„Þetta er ekkert hókus-pókus-dæmi, né er þetta eitthvert markaðsátak, heldur er hugsunin hér að virkja, nýta slagkraftinn, deila þekkingu og bjóða upp á virkan vettvang með fókuseraða umræðu, þannig að golfhreyfingin sé ákveðið hreyfiafl með leiðarvísi að bættu samfélagi. Í öllum landshlutum.“



Markmiðið er að golfhreyfingin sé ákveðið hreyfiafl.

**G**olfsamband Íslands hefur sett af stað fjölþætta árvekni- og verkefnavinnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Hulda Bjarnadóttir, stjórnarmaður

GSÍ og formaður markaðs- og kynningarnefndar, er verkefnisstjóri þeirrar vinnu. Tvær vinnustofur hafa verið haldnar á árinu, en tilgangur þeirra var fyrst og fremst að hefja vegferðina, kynna markmiðin og draga fram áhugasama í hreyfingunni.

**Hver er tilgangur og markmið vinnunnar?**

„Í stefnu GSÍ er miðað við að golfhreyfingin hafi frumkvæði að sjálfbærni og ábyrgri landnýtingu auk þess sem hlutverk sambandsins er að hvetja félagsmenn til samfélagsábyrgðar og umhverfisvitundar, ásamt því að tryggja öllum gott og öruggt aðgengi að golfvöllum sínum.“



Hulda Bjarnadóttir

Vinnustofurnar í vetur voru fyrsta skrefið í fjölþættri árvekni- og verkefnavinnu sem miðar að því að golfklúbbar á Íslandi verði mikilvægt hreyfiafl sem aðstoðar við að ná markmiðum heimsmarkmiðanna fyrir árið 2030. Stefna Golfsambandsins er til ársins 2027 en heimsmarkmiðin ná til ársins 2030. Þannig mun margt ríma og styðja hvað við annað. Golfklúbbarnir hafa margir tekið umhverfisverndina og GEO-vottunina föstum tókum, sem myndi þá einmitt tilheyra markmiði númer 15 sem er „Líf á landi“, en heimsmarkmiðin eru með breiðari skírskotun til samfélagslegrar ábyrgðar en það sem hreyfingin hefur horft til hingað til.

Þetta styður hvað við annað og hugmyndin

## HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



er að hafa skýran fókus á stóru myndina, en vinna í lotum að skammtímaverkefnum. Svo þegar horft er til baka munum við vonandi sjá að þetta var ákveðið tækifæri til að virkja samtalið enn frekar milli stjórnenda golfklúbbanna, hagsmunaaðila, iðkenda og starfsmanna.

Ég trúi því að með markvissri vinnu í kringum heimsmarkmiðin sé Golfsambandið um leið að búa til samtal sem klúbbarnir geta svo tekið enn lengra með sínum hagsmunaaðilum sem

eru oftast en ekki sveitar- og bæjarfélög. Ef golfhreyfingin vinnur til að mynda markvissst með framsýna hugsun við landnýtingu, snjallmælavæðingu, flokkun, rafbílavæðingu, jöfnun kynjanna í stjórnun og iðkendum, kolefnisspor iðkenda og rekstraraðila í hreyfingunni, tryggt aðengi allra að íþróttinni og svo framvegis, þá efa ég ekki að það skapi annars konur samtöl og samstarf. Hvort heldur sem er við opinbera aðila, iðkendum eða starfsmenn.

Þetta er ekkert hókus-pókus-dæmi, né er

þetta eitthvert markaðsátak, heldur er hugsunin hér að virkja, nýta slagkraftinn, deila þekkingu og bjóða upp á virkan vettvang með fókuseraða umræðu, þannig að golfhreyfingin sé ákveðið hreyfiafl með leiðarvísi að bættu samfélagi. Í öllum landshlutum.

Eins væri gaman ef golfhreyfingin væri í fararbroddi í þessari vinnu innan ÍSÍ, jafnvel að við göngum fram sem fyrirmynd á alþjóðavísu. Nú þegar er verið að vinna mjög áhugaverða rannsóknarvinnu hérlandis um bindingu kolefnis í slegnu grasi og munu miklu fleiri en golfhreyfingin njóta góðs af slíkri þekkingu. Eins getum við gengið fram sem fyrirmynd og lagt ýmislegt af mörkum er snertir vinnuumhverfið, stjórnarhætti og fyrirmyndarmenningu sem byggist á ákveðnum gildum. Við þurfum að leggja okkur fram um að auka heilbrigði í þeim víða skilningi að öllum líði vel í hreyfingunni, hagkerfið virki og að við hugum að umhverfinu og gera enn betur þar í sameiningu. Þannig viljum við velliðan fyrir alla óháð aldri, kyni, erfðum og þjóðerni.“

**Hvenær er áætlað að markmiðinu verði náð?**

„Vegna Covid-19 seinkaði vinnunni allri en við ákváðum samt að hefja samtalið og vinnuna. Við fengum til liðs við okkur einvalið sérfræðinga sem skipa stýrihópinn. Nú heldur vinnan áfram sem miðar að því að brjóta niður hvaða markmið við viljum vinna með, hvaða heimsmarkmið skipta mestu í starfi golfhreyfingarinnar, hvaða markmið og undirmarkmið eru líkleg eða ólíkleg til umbóta. Við erum að forgangsraða og aðlaga íslenskum aðstæðum. Á golfþingi viljum við svo útskrifa formlega fyrsta áfanga vinnunnar. Þá væri gott að vera búin að forgangsraða í sameiningu verkefnum sem þykja líkleg til úrbóta. Þannig verður starfsáætlun útbúin og unnið að verkefnum með skammtíma- og langtímamarkmið í huga. Í framhaldi af haustvinnunni viljum við koma upp vettvangi þar sem við birtum þau mælanlegu markmið sem sett hafa verið. Einnig er hugmyndin að útbúa stuðningsefni fyrir golfklúbbana eða golfhreyfinguna í heild, sem mun án efa búa til markvissari samtöl.“

Svo þarf að hafa í huga að svona vinnu þarf að brjóta niður í spretti og raunhæfa nálgun. Við erum með mjög góð viðmið í umhverfisverndinni enda hefur GEO-vottunin verið lengi í umræðunni, en þessi vinna í kringum heimsmarkmiðin er mikilvæg viðbót enda fjalla þau ekki bara um golfvöllinn og náttúruna og það umhverfi sem golfklúbbar vinna í, heldur nær þetta líka yfir starfsumhverfi þeirra fjölmörgu sem starfa í hreyfingunni og þeirra sem iðka íþróttina. Þannig vinnum við markvissst saman til 2030 og endurmetum og rýnum til gagns á tveggja til þriggja ára fresti.“

## Sjálfbærni ekki bara eitthvert tískuorð

**Rýnihópin skipa:**

Edwin Roald, golfvallahönnuður CarbonPar  
Gunnar Sveinn Magnússon, EY áður Alþjóðabankanum  
Hulda Bjarnadóttir, Marel og stjórn GSÍ – verkefnastjóri  
Sigríður Auður Arnarsdóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu

**Til stuðnings og eftirfylgni:**

Starfsfólk og stjórn GSÍ  
Eva Magnúsdóttir, Podium  
Þorsteinn Guðjónsson, Iceland Travel

**S**tóra yfirmarkmiðið er að við færumst öll í átt að hugsuninni um meiri sjálfbærni. Öll starfsemi undir hatti ÍSÍ og ólympíusáttmálans miðar að því að virkja íþróttir í þágu mannkyns og þetta er bara góð búbot inn í þá áherslu. Sama myntin, sitthvor hliðin myndi ég vilja segja. Enda þarf að halda lífi í verkefnum, endurvekjá sum og fríska til í leiðinni. Sjálfbærni er kannski tískuorð í huga sumra en hér er hugsunin að virkja, læra hvert af öðru, nýta slagkraftinn, deila þekkingu og bjóða upp á virkan vettvang með einbeitta umræðu og sameiginleg markmið í sjálfbærni. Og hver og einn tekur það út úr vinnunni sem hentar.

Við erum sjálfkrafa öll að færast í átt að hugsuninni um meiri sjálfbærni. Erlendir aðilar setja vottanir og gæðaviðmið orðið sem skilyrði og það er til dæmis farið að veita annars konar



lánakjör þeim sem eru meðvitaðir um að leggja sitt af mörkum. Sumum finnst þetta kannski allt frekar fjarstæðukennt, en raunin er sú að heimsmarkmiðin voru fyrst keyrð í þágu vanþróaðra ríkja en svo áttuðu allir sig á því að það er ekki síður mikilvægt að virkja alla heimshluta. Því var kompásinn endurstílltur og hvert land aðlagar sig og sína. Sem dæmi þá má taka fátæktarmarkmiðið númer eitt og aðlaga þannig að á

Íslandi sé það skjalfest að allir ungir sem koma frá efnaminni heimilum megi æfa golf og klúbbarnir skuldbindi sig formlega með slíkum hætti og bjóði þá iðkendum velkomna. Eg veit að þetta tíðkast víða en er ekki ekki endilega skjalfest og kynnt. Jafnræði þarf að ríkja og jafnvel að styrkir og fjármagn verði aðgengilegra þegar sýnt er fram á faglega og markvissa nálgun í helstu málaflokkunum.“



## Íslandsmót golfklúbba 2021 í 1. deild kvenna – og karla



**Íslandsmeistarar 2021** Frá vinstri: Arnór Ingi Finnbjörnsson, liðsstjóri, Andri Þór Björnsson, Hákon Örn Magnússon, Viktor Ingi Einarsson, Dagbjartur Sigurbrandsson, Sigurður Bjarki Blumenstein, Jóhannes Guðmundsson, Böðvar Bragi Pálsson og Tómas Eiríksson Hjaltested.

# Tvöfaldur sigur hjá Golfklúbbi Reykjavíkur

Íslandsmót golfklúbba 2021 í efstu deild kvenna – og karla fór fram dagana 22.-24. júlí. GR fagnaði tvöföldum sigri en bæði kvenna – og karlaíð Golfklúbbs Reykjavíkur sigruðu í úrslitaleikjunum. Þetta er í 22. sinn sem kvennaíð GR fagnar þessum titli og í 24. sinn sem karlaíð sigrar.

Leikið var til úrslita á Korpúlfsstaðavelli en á Hlíðavelli í Mosfellsbæ var leikið um sæti 5.-8. Þetta er í þriðja sinn sem keppni í efstu deild kvenna – karla fer fram á tveimur völlum og úrslitaleikirnir fara fram á sama velli í 1. deild kvenna – og karla. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og var samvinnuverkefni Gólf sambands Íslands, Golfklúbbs Mosfellsbæjar og Golfklúbbs Reykjavíkur.

Í kvennaflokki hafði GR 3 1/2 – 1 1/2 sigur gegn GM. Í leiknum um þriðja sætið hafði GA betur gegn GKG.

GR fagnaði einnig sigri í karlaflokki eftir 3-2 sigur gegn GKG. Í leiknum um þriðja sætið hafði GOS betur gegn GV. Eins og áður segir er þetta 24 titill GR í karlaflokki en það eru 9 ár frá því að GR fagnaði þessum titli síðast.

Golfklúbburinn Keilir úr Hafnarfirði féll úr 1. deild karla og Golfklúbburinn Oddur féll úr 1.

deild kvenna. Leikið var á tveimur keppnisvöllum líkt og gert hefur verið undanfarin tvö ár. Keppnisvellirnir voru Hlíðavöllur í Mosfellsbæ og Korpúlfsstaðavöllur (Sjórinn/Áinn).

### Lokastaðan í 1. deild. kvenna:

1. Golfklúbbur Reykjavíkur, GR
  2. Golfklúbbur Mosfellsbæjar, GM
  3. Golfklúbbur Akureyrar, GA
  4. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG
  5. Golfklúbburinn Keilir, GK
  6. Golfklúbbur Skagafjarðar, GSS
  7. Golfklúbbur Vestmannaeyja, GV
  8. Golfklúbburinn Oddur, GO
- \*GO fellur í 2. deild.

### Lokastaðan í 1. deild. karla:

1. Golfklúbbur Reykjavíkur, GR
  2. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG
  3. Golfklúbbur Selfoss, GOS
  4. Golfklúbbur Vestmannaeyja, GV
  5. Golfklúbbur Akureyrar, GA
  6. Golfklúbbur Mosfellsbæjar, GM
  7. Golfklúbbur Suðurnesja, GS
  8. Golfklúbburinn Keilir, GK
- \*Keilir fellur í 2. deild.



**Íslandsmeistarar 2021** Frá vinstri: Derrick Moore þjálfari GR, Bjarney Harðardóttir, Eva Karen Björnsdóttir, Berglind Björnsdóttir, Auður Sigmundsdóttir, Árný Eik Dagsdóttir, Ásdís Valtýsdóttir, Jóhanna Lea Lúdvíksdóttir og Nína Margrét Valtýsdóttir.



# Það hefur góð áhrif á heilsuna að vera áhorfandi á golfmóti



Spenna 83% áhorfenda á golfmóti gengu að meðaltali 11.589 skref á einum degi.

Mynd/seth@golf.is

Í niðurstöðum rannsóknar sem birtar voru í júlí 2017 kemur fram að 83% áhorfenda á golfmóti gengu að meðaltali 11.589 skref á einum degi á meðan þeir fylgdust með mótinu. Þessi hópur náði þar með gönguvegalengd sem rannsóknir hafa sýnt að hafi marktæk áhrif til betri heilsu – eða sem nemur 10.000 skrefum eða meira.

Dr. Andrew Murray stýrði rannsókninni sem fram fór árið 2016 á Paul Lawrie-holukeppnismótinu á Archerfield Links-

vellinum í Skotlandi. Alls tóku 339 áhorfendur þátt í rannsókninni.

Áhorfendur á golfmótum eyða löngum tíma úti í náttúrunni í grænu umhverfi samhliða því að njóta samvista við vini, fjölskyldu og kunningja. Í fjölmörgum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að allir þessir þættir hafa góð áhrif á andlega heilsu og geðheilbrigði.

Áhorfendur á þessu móti gengu að meðaltali 8-10 km og brenndu meira en 1.000 kaloríum á dag við gönguna.

Í rannsókninni voru skrefamælar notaðir og niðurstöðurnar sýndu m.a. fram á að karlar ganga að meðaltali 1.800 skrefum meira en konur á einum degi á golfmóti.

Í svörum frá þátttakendum í rannsókninni kom fram að holl útivera og hreyfing átti stóran þátt í því að þeir völdu að fara sem áhorfendur á atvinnugolfmótið. Þar að auki sögðu 60% þátttakenda í rannsókninni að aukin líkamleg hreyfing væri á meðal langtímamarkmiða þeirra.

Fylgst var með áhorfendum sem tóku

þátt í rannsókninni í nokkra mánuði eftir að rannsókninni lauk. Þar kom fram að 40% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni fóru að hreyfa sig meira og oftast eftir að golfmótinu lauk.

Niðurstaðan er afar áhugaverð að mati dr. Andrews Murrays og jafnframt hvatning fyrir skipuleggjendur golfmóta að nálgast áhorfendur með skilaboðum um þann heilsuáfgöða sem felst í því að upplifa spennuna á sjálfum keppnisvelliðum.

Heimild: R&A Golf and Health 2016-2020

## Kylfingar lifa fimm árum lengur – áhuga-verðar niðurstöður úr sænskri rannsókn

Þeir sem stunda golfþróttina lifa að meðaltali fimm árum lengur en aðrir samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 2008. Rannsóknin var framkvæmd á árunum 2004-2008 af þeim Anders Ahlbom og Bahman Farahmand sem starfa við Karólínska sjúkrahúsið í Solna í Stokkhólmi.

Úrtakið í rannsókninni voru sænskir kylfingar og var stuðst við gögn úr félagaskráum golfklúbba hjá sænska golfsambandinu. Niðurstöðurnar sýndu fram á að þeir sem stunda golfþróttina lifðu að meðaltali fimm árum lengur en þeir sem stunda ekki golf. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli þegar þær voru fyrst birtar. Það sem kom líklega mest á óvart var að þeir sem nota golfbíl við golfleik eru einnig líklegir til þess að lifa allt að fimm árum lengur en þeir sem ekki stunda golf.

Golfþróttin hefur jákvæð áhrif á blóðrásarkerfið, öndunarfærin og almenna líkamshælsu.


Til eru fjölmargar aðrar rannsóknir sem styðja við niðurstöðu sænsku vísindamanna. Í háskólanum í Edinborg í Skotlandi hafa sérfræðingar rannsakað áhrif golfþróttarinnar á líkamsstarfsemina. Niðurstöðurnar

benda eindregið til þess að hún hafi jákvæð áhrif á blóðrásarkerfið, öndunarfærin og almenna líkamshælsu. Dr. Andrew Murray fór fyrir rannsóknarteyminu í Edinborg í rannsókninni sem kallast Golf & Health Project. „Við vitum að sú hreyfing sem kylfingar stunda í gegnum golfþróttina eykur lífslíkur. Golfþróttin getur haft jákvæð fyrirbyggjandi áhrif á um 40 sjúkdóma á borð við hjartaáfall, heilablóðfall, sykursýki og brjóst- og ristilkrabbamein,“ sagði Murray í viðtali við CNN-fréttastofuna.

Kylfingar á síðari hluta æviskeiðsins geta aukið hreyfigetu sína umtalsvert og bætt jafnvægið með því að ganga úti á golfvelliðum og slá golfbolta. Útveran hefur einnig fleiri jákvæð áhrif, t.d. ferskt loft og aukna D-vítamínupptöku í gegnum húðina á góðviðrisdögum. Góð áhrif golfleiks eru ekki aðeins líkamleg.

Murray bætir því við í viðtalinu að þeir sem stundi golf séu síður líklegir til þess að þróa með sér kvíða og þunglyndi.


„Þeir sem stunda golf fá aukið sjálfstraust, og það eykur líkurnar á því að þeim líði betur andlega og líkamlega.“  
seth@golf.is



Mynd/ Edwin Road

Sprækur Martin Rooney var 95 ára þegar þessi mynd var tekin á Royal County Down.





# Golfsamband Íslands þakkar samstarfsaðilum fyrir stuðninginn á árinu 2021





## Íslendingar sækja í sig veðrið á heimslista áhugakylfinga

# Aron Snær nálgast metið hjá Gísla

Íslenskir kylfingar hafa margir hverjir stórbætt stöðu sína á heimslista áhugakylfinga á þessu tímabili.

**A**ron Snær Júlíusson, GKG, er í sæti nr. 161 sem er besti árangur hans á ferlinum. Aron Snær hefur farið upp um nokkur hundruð sæti á heimslistanum á þessu ári. Aron Snær náði bestum árangri sem íslenskur karlkylfingur hefur náð á Evrópumeistaratóti áhugakylfinga á dögunum þegar hann endaði í 5. sæti og var nálægt því að komast á verðlaunapall. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK, náði því að verða í 4. sæti á þessu móti fyrir nokkrum árum sem er besti árangur sem íslenskur kylfingur hefur náð.

Gísl Sveinbergsson, GK, hefur náð bestum árangri íslenskra kylfinga á þessum lista en hann fór í sæti nr. 99. árið 2014.

Dagbjartur Sigurbrandsson, GR, er í sæti nr. 583 á þessum lista en hann hefur einnig verið að þoka sér upp heimslista áhugakylfinga. Hákon Örn Magnússon, GR, er í sæti nr. 596 en hann var í sæti nr. 775 fyrir nokkrum vikum.

Jóhanna Lea Lúðvíksdóttir, GR, fór upp um 274 sæti á heimslista áhugakylfinga í kvennaflokki eftir að hafa leikið til úrslita um titilinn á Opna breska áhugamannamótinu. Hún var í sæti nr. 944 fyrir það mót en er í dag í sæti nr. 625.

Hulda Clara Gestsdóttir, GKG, er í sæti nr. 381 á heimslista áhugakylfinga og er efst íslenskra kvenna á þeim lista. Hún hefur náð að fara upp í sæti nr. 325.

Ragnhildur Kristinsdóttir, GR, er í sæti nr. 503 á heimslistanum en hún hefur náð hæst í sæti nr. 483.

Hulda Clara, GKG, er efst af íslensku kylfingunum á heimslistanum en hún fellur um 41 sæti á milli vikna og er í sæti nr. 394.



Á uppleið Aron Snær Júlíusson hefur farið upp um nokkur hundruð sæti á heimslista áhugakylfinga.

Mynd/seth@golf.is



Hress Hulda Clara Gestsdóttir er efst íslenskra kvenna á heimslista áhugakylfinga.

Mynd/seth@golf.is

# Íslandsmótið í golfi í beinni á RÚV

Bein útsending verður frá Íslandsmótinu í golfi sem fram fer á Jaðarsvelli 5.-8. ágúst 2021.

Sýnt verður frá síðustu tveimur keppnisdögum á RÚV og hefst útsending kl. 15 laugardaginn 7. ágúst og kl. 14.30 á lokadeginum sunnudaginn 8. ágúst.

Þetta er í 24. sinn sem sýnt er frá Íslandsmótinu í golfi í beinni útsendingu í sjónvarpi. Fyrsta útsendingin var árið 1998 á Hólmsvelli í Leiru.

Þetta verður í tíunda sinn sem RÚV er með þessa útsendingu en fyrstu 13 árin var sýnt frá mótinu á SÝN og einu sinni var sýnt frá mótinu á Stöð 2 sport.

Samkvæmt bestu heimildum GSÍ er Íslandsmótið í golfi eina meistaramót áhugakylfinga sem sýnt er í beinni útsendingu á landsvísi. Útsendingin er því einsdæmi á heimsvísu.

Mikið er lagt í útsendinguna frá Íslandsmótinu í golfi á hverju ári. Um 7.000 metrar ef myndavélaköplum verða dregnir út á völinn til að koma myndefninu til skila heim í stofu.

Um 30 manns koma að útsendingunni með einum eða öðrum hætti. Alls verða 14 mannaðar myndavélar, þar af 7 sem verða færðar á milli brauta eftir því sem líður á útsendinguna. Tvær myndavélar fylgja efstu keppendunum. Þar að auki verða 5 ómannaðar myndavélar á Jaðarsvelli. Útsendingin í ár verður sú fyrsta þar sem að myndavélar geta náð höggum keppenda alls staðar á brautum 10 til 18.

Hljóðblöndun verður að stórum hluta sjálfvirk þar sem hugbúnaður í tölvu sjá til þess að réttur hljóðnemi verður notaður miðað við hvaða myndavél er í loftinu hverju sinni.

Áhorfendur ættu því ekki að missa af höggi þegar spennan er sem mest á lokaholunum á Jaðarsvelli.

- 1998 (1) – Hólmsvöllur / GS (SÝN)
- 1999 (2) – Hvaleyrarvöllur / GK (SÝN)
- 2000 (3) – Jaðarsvöllur / GA (SÝN)
- 2001 (4) – Grafarholt / GR (SÝN)
- 2002 (5) – Strandarvöllur / GHR (SÝN)
- 2003 (6) – Vestmannaeyjar / GV (SÝN)
- 2004 (7) – Garðavöllur / GL (SÝN)
- 2005 (8) – Hólmsvöllur / GS (SÝN)
- 2006 (9) – Urriðavöllur / GO (SÝN)
- 2007 (10) – Hvaleyrarvöllur / GK (SÝN)
- 2008 (11) – Vestmannaeyjar / GV (SÝN)
- 2009 (12) – Grafarholt / GR (SÝN)
- 2010 (13) – Kiðjaberg / GKB (SÝN)



- 2011 (14) – Hólmsvöllur / GS (RÚV)
- 2012 (15) – Strandarvöllur / GHR Stöð 2 sport
- 2013 (16) – Korpúlfsstaðavöllur / GR (RÚV)
- 2014 (17) – Leirdalsvöllur / GKG (RÚV)
- 2015 (18) – Garðavöllur / GL (RÚV)
- 2016 (19) – Jaðarsvöllur / GA (RÚV)

- 2017 (20) – Hvaleyrarvöllur / GK (RÚV)
- 2018 (21) – Vestmannaeyjavöllur / GV (RÚV)
- 2019 (22) – Grafarholtsvöllur / GR (RÚV)
- 2020 (23) – Hlíðavöllur / GM (RÚV)
- 2021 (24) – Jaðarsvöllur / GA (RÚV)

seth@golf.is



Ingunn Gunnarsdóttir aðlagar sig breyttum aðstæðum

# „Engin pressa að keppa ólétt“

Ég hef aðeins þurft að aðlagja sveifluna breyttum aðstæðum. Ég sveifla frekar rólega og set þungann aðeins meira í hælana til þess að vege upp á móti óléttubumbunni. Það góða við að keppa ólétt er að það er nákvæmlega engin pressa á mér – eina markmiðið hjá mér er að njóta og hafa gaman,“ segir Ingunn Gunnarsdóttir, sem keppti á dögunum með liði GKG í efstu deild kvenna á Íslandsmóti golfklúbba. Ingunn á von á sínu fyrsta barni í október og segir að mótherjar hennar á Íslandsmótinu hafi ekki þælt mikið í ástandi hennar í viðureignum hennar.

„Það var alveg krefjandi að keppa í efstu deild kvenna á Íslandsmóti golfklúbba gengin 28 vikur með litlu stelpuna okkar. Það sem var erfiðast var gangan á hringnum en það var minna mál að sveifla kylfunni og slá högginn. Þær sem eru eldri veittu óléttunni hjá mér einhverja athygli. Líklega vegna þess að þær vita það sjálfar hversu mikið álag á líkamann það er að ganga með barn. Eina áhyggjur mínar voru þær að ég gæti ekki gengið nógu hratt – ég dróst stundum aðeins aftur úr og ég vona að það hafi ekki truflað mótherjana mikið.“

Ingunn mælir með því að konur reyni að spila eins mikið golf og heilsan leyfir á meðgöngunni.

„Ef konur eru við góða heilsu og líður vel er um að gera að spila golf. 18 holu keppnisgolf er kannski aðeins of mikið fyrir mig á þessum tímamarki þar sem það er ekki hægt að setjast niður og hvíla sig t.d. á teig. Ég lét níu holur á rólegum hraða duga – en ég hvet konur til að fara út og slá golfboltann og reyna að gera það sem þær geta til að njóta útiverunnar og anda að sér frísku lofti.“

Golfþróttin hefur opnað ýmis tækifæri fyrir Ingunni, sem fékk golfstyrk hjá bandarískum háskóla eftir að hún lauk stúdentsprófi á Íslandi.

Ég fór til Bandaríkjanna á golfstyrk beint eftir stúdent. Fyrst var ég eitt ár í Texas en skipti svo í Furman-háskóla í Suður-Karólínu þar sem ég var á golf- og námsstyrk.

Þar sem ég valdi að fara í skóla með krefjandi nám og gott golflið þurfti ég að skipuleggja mig vel og nýta tímann. Ég var oftast á hlaupum á milli golfvallarins og skólalastofunnar. En þetta er verkefni sem valdi og ég nýt góðs af því í dag að hafa fengið þetta tækifæri. Í raun eru það forréttindi að fá svona tækifæri vegna golf-sins,“ segir Ingunn, sem fór í meistaranám í hinum virta Columbia-háskóla í New Yorkborg.

## Golfið opnaði ný tækifæri og möguleika

„Ég lauk námi í umhverfisstjórnsýslufræðum en ég spilaði lítið sem ekkert golf á



Einbeitt Ingunn Gunnarsdóttir slær hér á 18. teig á Hlíðavelli í Mosfellsbæ.

Mynd/seth@golf.is

þessum tíma. Eftir útskrift vann ég við rannsóknir hjá háskólanum og starfaði hjá verkfræðifyrirtæki. Ísland var samt alltaf ofarlega í huga mér og eftir sex ára búsetu í Bandaríkjunum fannst mér kominn tími til að snúa aftur heim.“

Golfþróttin er sannkölluð fjölskylduþrótt hjá Ingunni en yngri bróðir hennar, Jón Gunnarsson, er í fremstu röð á landsvísu og keppir fyrir GKG. Ingunn segir að golfið hafi gefið fjölskyldunni ótal samverustundir á golfvöllum á Íslandi sem erlendis.

„Að vera saman í golfi gefur manni tækifæri til að ræða um allt og ekkert á meðan við erum að spila. Ég hef líka kynnst mörgum af mínum bestu vinkonum í dag í gegnum golfið. Næsta stóra verkefni hjá mér er að koma kærastanum í golfið og að sjálf-sögðu dóttur okkar þegar fram líða stundir.“

Ingunn segir að lokum að golfþróttin hafi kennt sér margt sem hún nýti sér í hinu daglega lífi. „Ég ólst nánast upp á golfvöllinum og golfið verður alltaf hluti af

mínu lífi. Ég á frekar von á því að spila mér til skemmtunar frekar en keppnisgolf. Það er alltaf gaman að fá fjölskylduna og vini með sér út á golfvöll. Ég lærði snemma að nota „strategíska hugsun“ í golfinu þar sem maður þarf að hugsa nokkur skref fram í tímann og komast að sem bestri niðurstöðu. Hvar er best að staðsetja boltann til að eiga gott færi á að komast sem næst holunni í næsta höggi og slíkt. Ég hef tamið mér slíka hugsun í lífinu og tel að golfið sé góð þjálfun í því,“ segir Ingunn Gunnarsdóttir.

## Golf og heilsa

# Jákvæð áhrif á allt að 40 langvinna sjúkdóma

Golfþróttin, sem líkamsþjálfun, getur haft jákvæð áhrif í baráttunni við allt að 40 langvinna sjúkdóma.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að golf getur dregið úr einkennum langvinnra sjúkdóma og í sumum tilvikum ná einstaklingar bata með því að stunda golf.

Þar má nefna sykursýki, hjartasjúkdóma, blóttappa, heilablóðfall, krabbamein í brjósti og ristli, þunglyndi og minnistap.

Heilsuávinningurinn sem njóta má af golfiðkun er mun meiri en við flest gerum okkur grein fyrir.

Golfiðkun hefur mun meiri og víðtækari áhrif á líðan okkar en við höfum til þessa gert okkur í hugarlund.

Með tilliti til þess hve misjafnlega hver golfvöllur höfðar til fólks á öllum aldri, þá er golf ákaflega góð leið til að hvetja fólk til heilsuþótar og gera því kleift að hreyfa sig.

Heimild: R&A Golf and Health 2016-2020





## Á undanförunum tveimur árum hefur félagsmönnum fjölgað um 3.900



# Kylfingar á Íslandi hafa aldrei verið

**K**ylfingum á Íslandi heldur áfram að fjölga og hinn 1. júlí sl. voru skráðir félagsmenn í golfklúbbum landsins komnir yfir 22.000. Á árinu 2021 hefur skráðum kylfingum fjölgað um rúmlega 2.000 eða 12% sé miðað við árið 2020. Á undanförunum tveimur árum hefur skráðum félagsmönnum fjölgað samtals um 3.900.

Árið 1934 var fyrst byrjað að halda utan um fjölda félagsmanna í golfklúbbum á Íslandi. Í fyrstu talningunni voru 132 félagsmenn, árið 1990 voru 3.400 einstaklingar skráðir í golfklúbba landsins. Tíu árum síðar eða árið 2000 hafði þeim fjölgað mikið eða í 8.500. Á næstu 10 árum varð gríðarleg aukning og rétt um 15.800 félagsmenn voru skráðir árið 2010.

Í dag eru 22.187 félagsmenn skráðir í golfklúbba landsins og í fyrsta sinn sem fleiri en 20.000 kylfingar eru skráðir í golfklúbba á Íslandi. Til samanburðar eru um 23.000 félagsmenn skráðir í félög hjá Knattspyrnusambandi Íslands, sem er fjölmennasta sérsamband innan raða Íþróttasambands Íslands.

Í þessum tölum er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu einstaklinga sem leika golf af og til án þess að vera skráðir í golfklúbba. Í könnunum sem GSÍ hefur gert á undanförunum árum hefur komið í ljós að allt að 40.000 einstaklingar á Íslandi stunda

golf með einhverjum hætti á ári hverju.

Hlutfallslega var mesta fjölgunin á milli ára hjá kylfingum á aldrinum 16-39 ára.

Konur eru nú 33% af hreyfingunni en konum fjölgaði um 2% á milli ára.

Í aldurshópnum 15 ára og yngri eru 2.432 kylfingar skráðir og er það 3% fjölgun frá árinu 2020. Mikil fjölgun er í aldurshópnum 16-19 ára eða sem nemur 29%. Eins og áður segir er mesta hlutfallslega fjölgunin hjá kylfingum á aldrinum 20-29 ára eða sem nemur 34% en rétt tæplega 2.000 kylfingar á þessu aldursbili eru skráðir í golfklúbba landsins.

Flestir sem stunda golfþróttina eru á aldrinum 40-69 ára eða 12.283 kylfingar en umtalsverð fjölgun er á milli ára hjá þessum aldurshópi.

Elstu kylfingum golfhreyfingarinnar fjölga einnig umtalsvert. Í aldurshópnum 70-79 ára fjölgaði kylfingum um 13% og í hópi 80 ára og eldri var fjölgunin um 10%.


Meðalforgjöf karlkylfinga á Íslandi er 28,3 og meðalaldur karla sem stunda golf er 46 ár. Hlutfall karla af heildinni er 67%.

Meðalforgjöf kvenna er 38,1 og meðalaldur kvenna sem stunda golf 52 ár. Hlutfall kvenna af heildarfjölda kylfinga á Íslandi er eins og áður segir 33%.

Nánari upplýsingar og ítarlega tölfræði er að finna á [golf.is](http://golf.is)

### Meðalaldur og forgjöf kylfinaga 2021

Heimild:  
Golfsamband  
Íslands






Jafnvægi Hlutfall yngri kylfinga á Íslandi er mjög hátt miðað við önnur Evrópulönd.



Mynd/seth@golf.is

## Fjöldi kylfinga á Íslandi 2021 eftir kyni og aldri

Heimild: Gólf-samband Íslands



Verkefni Stúlkum hefur fjölgað á undanföllum árum í golfþróttinni en þarf samt umtalsvert rými til bætinga.

Mynd/seth@golf.is

# fleiri



Ungir sem aldrei Fólk á öllum aldri getur stundað golfþróttina.

Mynd/seth@golf.is

## Fjöldi kylfinga á Íslandi 1932-2021



Meðalforgjöf kvenna er 38,1 og meðalaldur kvenna sem stunda golf 52 ár. Hlutfall kvenna af heildarfjölda kylfinga á Íslandi er eins og áður segir 33%.

Heimild: Gólf-samband Íslands



## Vinna hafin við mat á kolefnisforða allra golfvalla innan GSÍ

## Gras getur bundið kolefni

Vinna er hafin við mat á kolefnisforða allra golfvalla innan vébanda Golf-sambands Íslands. Með því verður íslensk golfhreyfing sú fyrsta á heimsvísu sem framkvæmir slíka heildarúttekt. Reiknað er með að niðurstöður hennar muni nýtast GSÍ og aðildarfélögum þess til að taka virkan þátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum með upplýstri ákvarðanatöku.

Frá þessu er sagt á samfélagsmiðlum Carbon Par. Matið er liður í rannsóknarverkefninu Carbon Par, sem er hugarústur golfvallahönnuðarins Edwins Roalds og fyrirtækis hans, Eureka Golf, og er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, undir forystu Jóns Guðmundssonar.

Reikna má með að golfvöllir liggi að einhverju leyti á framræstu votlendi og valdi þannig losun gróðurhúsalofttegunda. Á hinn bóginn getur gras, eins og plöntur almennt, bundið kolefni. Enn fremur gefa rannsóknir, m.a. frá Colorado State-háskóla, til kynna að slegið gras geti bundið meira kolefni en óslegið. Þannig geta golfvöllir, eða hlutar þeirra sem liggja á þurrlendi, bundið kolefni. Golfvöllir geta því bæði losað CO<sup>2</sup> og bundið kolefni, en rannsókninni er ætlað að greina hvar og hvorum megin línunnar golfvöllir landsins standa, hvort þeir eru eða undir pari, svo vísað sé í hið rótgróna hugtak golfleiksins.

Meðal annarra markmiða verkefnisins eru að tilgreina framræst votlendi á völlum, sem endurheimta megi án þess að draga úr vinsældum þeirra, og gefa út almennar leiðbeiningar um hvernig golfklúbbar og aðrir rekstraraðilar golfvalla geti bætt kolefnisbúskap þeirra.



seth@golf.is

Umhverfisvænt Margir golfvöllir slá stór svæði með rafmagnssláttuvélum.

Í verkefninu er aðeins litið til kolefnisbúskapar sjálftrar landnýtingar vallanna. Ekki er horft til starfsemi golfklúbba, enda eru ýmsar leiðir þegar í boði til að reikna út losun af hennar völdum.

Auk fjárstuðnings frá GSÍ nýtur verkefnið fjárhagslegs stuðnings frá norræna rannsóknasjóðnum STERF, sem GSÍ er stofnaðili að. Einnig lögðu sautján aðildarfélög GSÍ verkefninu lið með valkvæðum fjárfraðingum. Aðrir bakhjarlar eru Knattspyrnusamband Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Reykjavíkurborg. Einnig munu Landmælingar Íslands leggja til vinnu og gögn. Þá gaf Landgræðslan góð ráð við undirbúning verkefnisins, sem reiknað er með að muni standa yfir út árið 2022.



seth@golf.is

Göngutúr Það er sannað að góður göngutúr í grænu umhverfi hefur góð áhrif á einstaklinga.

## Mjög góð þátttaka á héraðsdómaranámskeiði



seth@golf.is

Konur vilja dæma Konur hefur fylgjað umtalsvert á undanförunum árum í dómarastréttinni í golfþróttinni.

## Golfdómurum fjölgar

Dómaranefnd GSÍ hafði í nógu að snúast sl. vetur og í vor við að fræða nýja golfdómara. Mjög góð þátttaka var á héraðsdómaranámskeiði sem fram fór í mars sl. en 54 skrðu sig á námskeiðið. Sæmundur Melstað, formaður dómaranefndar, segir að áhuginn hafi verið með því mesta í seinni tíð.

„Héraðsdómaranámskeiðið fór fram með fjárfundum í fjögur skipti í mars sl.

Fyrirlestrarir voru 4 klst. í senn. Í kjölfarið á námskeiðinu var boðið upp á héraðsdómarapróf fyrir þá sem vildu. Stór hluti hópsins fór í prófið og 33 einstaklingar stóðust það – sem er einnig með því mesta á undanförunum árum.“ segir Sæmundur.

Fjölmenur hópur GR-inga var á meðal þeirra sem tóku prófið eða 16 alls en Golfklúbbur Reykjavíkur setti í gang áttak til þess að fjölga dómurum í sínum röðum.

„Það eru ekki allir sem sinna dómgaeslu í mótum eftir prófið og samkvæmt okkar tölum voru aðeins 50% af þeim 177 einstaklingum sem eru með dómarastréttindi virk í dómgaeslu. Héraðsdómarar hafa rétt til að dæma í ýmsum mótum eins og opnum mótum klúbba, meistaramótum og Íslandsmótum klúbba í neðri deildum.

Sæmundur bætir því við að margir kylfingar fari á slík námskeið til að fá betri skilning á reglum og sumir fari í prófið til að sannreyna þekkingu sína.

„Ég hef oft sagt við kylfinga sem ég er að aðstoða í mótum úti á velli að það er raunin að þeir kylfingar sem þekkja reglurnar vel vita um fleiri möguleika á lausnum en þeir sem þekkja reglurnar illa. Það getur því komið sér vel í leik að þekkja reglurnar vel.“ segir Sæmundur Melstað, formaður dómaranefndar GSÍ.

## Fjölmennustu golfmót ársins 2020

## Fjölmennustu golfmót ársins 2020

Opin golfmót eru vinsæll valkostur hjá íslenskum kylfingum. Mikið framboð er af slíkum mótum og vel á annað þúsund golfmót fara fram á ári hverju á Íslandi.

Alls fengu sex af níu vinsælustu opnu golfmótum ársins 2020 yfir 200 keppendur.

Golfklúbbur Akureyrar var með þrjú af níu fjölmennustu opnu golfmótum ársins 2020. Golfklúbbur Borgarness er einnig með tvö stór mót sem komast inn á topp-10-listann. Golfklúbbur Vestmannaeyja, Golfklúbburinn Oddur, Golfklúbbur Mosfellsbæjar og Nesklúbburinn komast einnig inn á topplistan á liðnu ári.

25.6. 2020 Arctic Open (GA) 224 keppendur

07.8. 2020 Hjóna- og parakeppni Golfskalans (GA) 208 keppendur

14.8. 2020 Höldur / KIA Open (GA) 204 keppendur

09.5. 2020 Opna Ecco (GM) 203 keppendur

02.5. 2020 Opna Nettó (GB) 202 keppendur

06.6. 2020 ZO-ON Open (GO) 200 keppendur

03.7. 2020 Icelandair Volcano Open (GB) 196 keppendur

25.7. 2020 Opna Icelandair – Hotels (GB) 196 keppendur

17.6. 2020 Opna Icelandair (NK) 194 keppendur

## Umhverfisvænsti golfvöllur heims er á Íslandi

Golfklúbbur Brautarholts er í fremstu röð á heimsvísu þegar kemur að notkun á vélum sem ganga fyrir umhverfisvænni orku. Á árinu 2020 voru 26 rafmagnsslátturóbótar við störf á Brautarholtsvelli og í sumar hafa flatir og teigar verið slegin með nýrri rafknúinni Toro-sláttuvél sem klúbburinn festi nýverið kaup á. Brautarholtsvöllur er þar með einn umhverfisvænsti golfvöllur í heimi.

Á þessu ári eru 98% af golfvöllum slegin með vélum sem ganga fyrir umhverfisvænni orku. Það eru einungis örfá krefjandi svæði, t.d. í halla við tjarnir, þar sem enn þarf að slá með vélum knúnum jarðefnaeldsneyti.

Eftir því sem best er vitað er Brautarholt eini golfvöllurinn í heiminum sem hefur tekið svo stórt skref í notkun umhverfisvænnar orku við slátt.

Almennt eru golfvöllir á Íslandi á meðal þeirra umhverfisvænstu í heimi. Hér er lítið um eiturefnanotkun og mun minni þörf á vökvun en víða erlendis. Í raun má segja að það sé einungis í Norðvestur-Evrópu sem gras helst grænt allt sumarið frá náttúrunnar hendi. Annars staðar í heiminum þarf að vökva öll slegin svæði nánast daglega, með tilheyrandi kostnaði og álagi á vatnsbúskap.



Einbeiting Opin golfmót njóta vinsælda á Íslandi.

seth@golf.is



seth@golf.is

Fallegur Brautarholtsvöllur er einn fallegasti golfvöllur landsins.



# LEYNDARMÁLID AÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

Nýja bætiefnalínan frá Lýsi er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Vaknaðu með Lýsi og njóttu birtunnar innan frá. Fæst í matvöruverslunum.



**GLUCOSAMINE & CHONDROITIN**  
Eykur liðleika, byggir upp og styrkir liðina.

**HEILI**  
Viðheldur eðlilegri virkni heilans, dregur úr þreytu og bætir andlega heilsu.

**PREGNANCY**  
Inniheldur öll ráðlögð næringarefni á meðgöngu, m.a. fólat sem er virka efni í fólinsýru.

**SKIN**  
Viðheldur heilbrigðri húð og gljáa, stuðlar að kollagenmyndun og rakabindingu í húðinni.









Meirihluti keppenda á  
Íslandsmótinu í golfi 2021  
tía upp með Titleist golfbolta

Hvaða golfbolta notar þú?



*Titleist*<sup>®</sup>  
#1 ball in golf.<sup>®</sup>



SUMAR

# COLLAB

5.9G AF KOLLAGENI Í HVERRI DÓS

